

ATHUGASEMDIR VIÐ BAKGRUNNSSKÝRSLU UM KVIKMYNDANÁM

frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Flensborgarskóla, Listaháskóla Íslands og Kvikmyndaskóla Íslands.

1. FNV Enska

Kvikmyndamiðstöð Íslands
c.o. Þór Tjörvi Þórsson

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra wants to make the following remarks on a report on the status of film studies in Iceland..

1. We are disappointed that no discussion on the report was allowed at the introductory meeting. We feel that information in the above mentioned report about film studies at FNV is to a great extent wrong and misleading. It is not trustworthy that only three of five schools offering film studies are represented in the committee that writes the report.
2. Important information about this education at FNV is missing in the report such as concerning the number of students attending film courses, equipment and teaching facilities. This information is much more precise when describing other schools. There is no mention of the fact that FNV is in cooperation with a fully equipped production company Skotta kvikmyndafélag. This information was sent to the authors of the report who chose not to publish it.

At FNV there are 26 students enrolled in two filming courses, amounting to 6 credit units, being taught at present. Skotta kvikmyndafélag is a fully equipped active film production company which provides the teaching facilities for the film studies. This facility includes new professional HD cameras (Sony EX-3) along with a studio. The teachers are educated film makers, who have, among other things, undertaken co-editing of Baltasar Kormákur's *Contraband*.

3. There is no definition of the quality of film studies neither at a secondary school level, nor university level.
4. In an attempt to estimate the need for educated film makers there is no mention of the number of people in TV broadcasting companies. Skotta kvikmyndafélag has, for instance, an active contract with The Icelandic National Broadcasting Service. It is estimated that 500-700 people are employed in this sector. In addition to this there is a number of students who do not intend to work as film makers, but aim at further

studies in the media sector or use their knowledge as a tool for artistic creation such as in graphic design and visual arts.

5. Furthermore it is our experience that film studies are very effective in activating people who have been inactive for long periods of time because of unemployment or other reasons.

Sauðárkróki March 13th 2012

Ingileif Oddsdóttir

Skólameistari.

2. FNV Íslenska

Kvikmyndamiðstöð Íslands

b.t. Þórs Tjörva Þórssonar

Í október 2011 skipaði Mennta- og menningarmálaráðuneytið starfshóp framhaldsskólakennara sem kenna kvikmyndagerð sem aðalgrein. Starfshópnum var ætlað að skoða stöðu kvikmyndakennslu við framhaldsskóla landsins og hugsanleg tengsl þeirra við háskólastig, vinna viðhorfskönnun á meðal eigenda starfandi kvikmyndafyrirtækja og kortleggja þarfir kvikmyndagerðar á menntuðum kvikmyndagerðarmönnum fyrir greinina.

Starfshópurinn skipuðu: Áshildur Kjartansdóttir kvikmyndagerðarmaður. Kennir við Tækniskólann. Dr. Hlynur Helgason heimspekilistamaður. Kennir við Borgarholtsskóla og Listaháskóla Íslands. Þór Elís Pálsson kvikmyndagerðarmaður. Kennir við Fjölbrautaskólann við Ármúla (formaður).

Í samningi milli ráðuneytisins og starfshópsins kemur fram að hópnum er ætlað að skoða framboð á námi í kvikmyndagerð á Íslandi og hvernig því er háttað við framhaldsskóla landsins. Jafnframt skyldi kanna viðhorf eigenda kvikmyndafyrirtækja í landinu og þarfir greinarinnar fyrir menntað kvikmyndagerðarfólk nú og í náinni framtíð. Hópurinn kannaði auk þess þörf fyrir kennara vegna náms í kvikmyndagerð.

Á kynningarfundum um stefnumótun sem haldinn var í Bíó Paradís sl. miðvikudag komu fulltrúar FNV á framfæri alvarlegum athugasemdum um innihald skýrslunnar hvað varðar kvikmyndanám við skólann, fjölda nemenda og aðstöðu til námsins. Því miður dregur skýrslan taum þeirra skóla sem höfundar hennar eru starfsmenn við en gerir minna úr námi annarra skóla. Þessi skilningur kom fram í máli fulltrúa FNV og Flensborgarskóla. Því er eðlilegt að spyrja hvort skýrsla, sem samin er af fulltrúum þriggja framhaldsskóla af fimm sem bjóða upp á nám er tengist kvikmyndagerð, geti yfir höfuð verið heppilegur umræðugrundvöllur fyrir framtíðar stefnumótum um kennslu í kvikmyndagerð á framhaldsskólastigi.

Aðalatriði málsins, eins og það snýr að FNV, er að skólinn hafði ekki aðkomu að gerð skýrslunnar og ekki voru birtar upplýsingar sem við sendum skýrsluhöfundum. Þannig er fjöldi kvikmyndagerðarnema ekki réttur, engin lýsing á tækjabúnaði og aðstöðu til náms, á meðan aðstöðu og tækjabúnaði í öðrum skólum er lýst nokkuð glögglega. Þá er hvergi getið um Skottu kvikmyndafjelag sem sér um námið í samstarfi við FNV. Allar þessar upplýsingar voru sendar skýrsluhöfundum, sem kusu að birta þær ekki.

Þá verður einnig að teljast gagnrýnivert að á umræddum fundi var ekki gefinn kostur á að ræða skýrsluna efnislega, þrátt fyrir fjölda ábendinga um annmarka hennar. Eitt af því sem til dæmis hefði þurft að fara yfir er skilgreining á kvikmyndanámi á framhaldsskólastigi og háskólastigi, en hana er hvergi að finna í skýrslunni. Þá má nefna að í skýrslunni er gerð tilraun til að leggja mat á þörf fyrir menntað kvikmyndagerðarfólk. Í matinu er sjónvarpsstöðvum og kvikmyndaframleiðslufyrirtækjum, sem ekki eru aðilar að SÍK, sleppt.

Einnig kemur fram í skýrslunni að Tækniskólinn hafi fengið samþykka listnámsbraut í kvikmyndagerð, en rök Mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir því að svara ekki umsókn FNV um rekstur slíkrar brautar er að mótun opinberrar stefnu um kvikmyndanám á framhaldsskóla- og háskólastigi sé ekki lokið. Ef umræddar upplýsingar skýrslunnar eru réttar hljóta þær að vekja upp spurningar um jafnræði milli skóla að þessu leyti. Einkum og sér í lagi í ljósi þess að enginn nemandi hefur verið skráður á hina nýju listnámsbraut í kvikmyndagerð hjá Tækniskólanum, meðan 26 kvikmyndagerðarnemar FNV bíða svara um hvort heimiluð verði listnámsbraut í kvikmyndagerð við skólann.

Í stefnumótun Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um kvikmyndanám frá febrúar 2012 er kveðið á um að stofnaður verði stýrihópur með aðild innlendra og erlendra aðila, sem beri ábyrgð á opinberri stefnumótun um kvikmyndanám á framhaldsskóla- og háskólastigi. Stýrihópurinn verði skipaður tveimur erlendum sérfræðingum og tveimur fulltrúum íslenskrar kvikmyndagerðar. Þá er kveðið á um að þátttakendur og samráðsaðilar við stefnumótun skuli m.a. vera fulltrúar framhaldsskóla sem bjóða nám sem tengist kvikmyndagerð, þ.e. Kvikmyndaskóli Íslands, Margmiðlunarskóli Tækniskóla Íslands, Upplýsinga- og fjölmiðlabraut Flensborgarskóla, Upplýsinga- og fjölmiðlabraut Borgarholtsskóla og Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra.

Nú berast okkur þær fréttir að ekki sé gert ráð fyrir að erlendu sérfræðingarnir, komi til FNV til að kynna sér námsframboð, aðstöðu og sjónarmið kennara og nemenda. Þeir muni heimsækja aðra skóla en okkur er boðið upp á fund í húsakynnum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands eða fund á Skype. Þetta getum við ekki sætt okkur við. Við teljum okkur vera eina framhaldsskólann (utan Kvikmyndaskóla Íslands) sem býður upp á hreint og beint kvikmyndanám. Í samtölum og bréfaskiptum við starfsmenn ráðuneytisins, höfunda skýrslunnar og nú síðast starfsmann stýrihópsins koma ítrekað fram þau sjónarmið að við eigum ekki að njóta jafnræðis á við aðra skóla vegna staðsetningar FNV.

Að lokum vil ég ítreka að FNV hóf nám í kvikmyndagerð sl. haust og eru 26 nemendur sem stunda námið í dag. Hlutfall kynja í náminu er nokkuð jafnt. Við erum að ná góðum árangri námslega séð og einnig hefur námið náð að virkja langtímaatvinnulausa.

Við viljum því enn og aftur óska eftir því að fyrrgreindir ráðgjafar heimsæki Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og kynni sér aðstöðu til kvikmyndanáms við skólann og verk nemenda, ásamt því að ræða við kennara og nemendur. Við teljum þetta mikilvægt og getum alls ekki sætt okkur við að vera skilin útundan vegna staðsetningar skólans.

Mögulegt er fyrir gestina að aka til Skagafjarðar eða fljúga fram og til baka til Akureyrar og aka þaðan hingað vestur. Það er ríflega klukkustundar akstur á milli Akureyrar og Sauðárkróks. Þá getur skólinn boðið gestunum gistingu ef það hentar betur að þeir komi seinni part dags og fljúgi til baka snemma næsta morgun.

Bestu kveðjur

Ingileif Oddsdóttir

skólameistari

Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra

455 8000

3. Flensburg, enska

Remarks from Flensburg College of the report

At the very beginning we had some doubts about committing representatives from the schools that had the greatest interests in the future model of teaching film related studies in Iceland, especially since two members of the group come from schools that want to start extended studies in film making. We feared that their reasons and reflects would have more impact in the report than other schools with same interests, and possibly at their expenses. Right we were. Due to vague explanations on how the number of students is defined and by misleading graphic presentation one could easily get the impact that the Flensburg College has by far the smallest department of film related studies.

One is also surprised by the decision to exclude the size and impact of the television companies in Iceland to put the film industry into context. These companies have for decades been the largest incubators of film craftsmen; Cameramen, editors, lighting engineers, sound engineers, props people, grippers and directors to name a few.

In chapter 5.2.1. there is a text and a bar graph showing the relative number of students in each of the schools that offer film making studies. In a telephone conversation I was asked about the number of students as well as a subjective evaluation of how many credits the classes involved were actually film studies or could be considered as such. The inquirer told me that in her opinion if the class did not have the prefix "film" in the classes name, then it should not count. This is nonsense. In the

media department of Flensburg (Upplýsinga- og fjölmiðladeild Flensborgarskólans) there are currently 39 students. For the past years there have been around 50 students in the department which department was founded 12 years ago. Besides that, there are 10 students graduating the school with a matriculation diploma. In the first three semesters students take the same or very similar classes as in the other schools mentioned, for a minimum total of 33 credits before they can move on to the extended studies for two semesters. In the extended studies there are now 11 students in this semester and last semester it was the same (not 14 now and 22 last semester, as stated in the report)! Each of the two semesters have 15 credits practical and technical studies like teaching how to shoot with film and video cameras, sound recording, editing, lighting etc., by making short films, documentaries and television programs. If these are not film making studies then I am lost in this debate. The academic classes address many film topics as well as film history but the main emphasis is on modern media studies. The bar next to ours in the graph is the one showing the number of students in film making studies at the Ármúli College in which there are only three classes of film studies (9 credits), no extended studies, and their bar rises above all the schools. This is very misleading and not a reasonable presentation of the situation, to say the least.

Chapter 5.4 in the report deals with desirable group sizes in film making studies in the future and at the end of the chapter you can find this remark: "In the Film making studies you could say based on the same grounds there could be 3-4 groups divided to two or more schools." While one of the authors of the report comes from a school running an extended study department and the other two authors want to open new departments for this in their own schools, should they not have the integrity of telling us what schools they want to close down?

Sincerely,
Halldór Árni Sveinsson

4. Listaháskóli Íslands, enska



Comments from the Iceland Academy of the Arts:

The Iceland Academy of the Arts welcomes the report *Nám í kvikmyndagerð á Ísland - þörf og möguleikar* (February 2012).

The methodology applied in preparing the report is limited in scope, but nevertheless the report provides valuable information about the needs for education in film making in Iceland and how the keyplayers in the industry envision how it should be organized.

The conclusions are definite: Education at the secondary level should be organized within the framework of the public school system, and education at the university level is best placed within an already accredited university college, almost all those questioned mentioning the IAA.

In the report there is also interesting information about many other aspects of film making in Iceland, such as about the concerns people have because of the obvious lack of gender equality in the industry, and also how much important those surveyed give to student exchange as an element of the education.

The IAA looks forward to participating in the process now started in defining a comprehensive policy for education in film making in Iceland.

March 13th 2012

Hjálmar H. Ragnarsson
principal director

5. Kvikmyndaskóli Íslands, enska

Appendix from the Icelandic Film School (Kvikmyndaskóli Íslands)

As we at the Icelandic Film School feel that more information should have been given on the position and operation of the School in the report, we propose that the following appendix be added.

The Icelandic Film School (KVÍ) celebrates its 20th anniversary this year. The School is a private school operating with the accreditation of the Ministry of Education, Science and Culture since 2003, with an allocation from public funds as of 2006. KVÍ offers courses in four programmes: directing and producing, creative technical, screenwriting and directing, and acting for screen. KVÍ has operated in accordance with university criteria since 2009, requiring students to have completed a university entrance exam on applying and using the ECTS credit system to measure course length. The goal is for the operation of KVÍ to be recognised as a university level institution.

The Icelandic Film School is an art academy focusing on a reliable production line which gives students the opportunity to work on numerous projects within the School. Students produce 200 film and television projects in their schoolwork every year. The Iceland Film School, therefore, is Iceland's largest productionhouse. It should be noted that our students' films have won numerous film awards and have been shown internationally, in Berlin and Cannes, for example.

A great deal of importance is placed on well organised course curriculum, where students are carefully guided toward a specific level of competency. The uniqueness of the Icelandic Film School's curriculum, when compared to foreign schools, is the fact that it takes the middle road between highly specialised schools (Den Danske Film Skole) and those that are more open (London Film School). The goal is to ensure that students have the ability to fill any position, while being well trained specialists in certain areas.

All students, irrespective of what programme they are in, must create a minimum of two films of which they are the author. One of KVÍ's distinctive features is that all the teachers are working film producers, actors or artists in other fields. They all have experience in disseminating and are successful in the fields they teach. A total of around 80 teachers/instructors/lecturers are involved each winter. The Icelandic Film School, therefore, is one of the largest workplaces for filmmakers in Iceland.

The School's success in developing the Icelandic film industry is undoubted. Some of our best film directors, editors, sound technicians, etc. have studied at the School and are active in the industry.

Since the School was enlarged to four departments in 2007, one could say that growth in the film industry has been explosive. On average, six feature films have been produced over the past five years, in addition to television programmes, documentaries, etc. The steady availability of staff has been of great importance in this respect, as students who have graduated from KVÍ have filled all film crews, as well as being prime movers in various production projects. A number of other factors have had an effect in this respect, but the role of KVÍ must not be underestimated.

The Icelandic Film School was granted membership of the International Association of Film and Television Schools (CILECT) last year. Nik Powel, Director of NFTS in London, was responsible for auditing KVÍ for the association. This is a great honour for KVÍ and, at the same time, confirmation of the advancement and quality of the curriculum.

The management of KVÍ do not agree with the conclusions presented in the report as regards manpower requirements in the film industry. There are numerous start-up efforts in Iceland that could grow considerably if properly managed. Examples of this are; the service industry providing for foreign productions, which is continually growing (most recently Game of Thrones); Baltasar's success in Hollywood (Contraband, etc.), where he has spent efforts on importing projects to Iceland; Turner's purchase of LazyTown and all the production work involved in that programme; and Atlantics Studios, located in the old US Army Base, which plans to provide the international market with studio services. All these projects call for manpower and it is important that such manpower is available locally. The operation of the Icelandic Film School over the past few years has completely prevented a shortage of technicians and assistance when there have been lots of projects. Circumstances that were endemic just a few years ago.

The visual images industry is one of the sectors that can create a great deal of work in the next few years. There are few things that are more important in our society at present than creating new jobs and the best way to do so is to educate students in fields where there are opportunities. This is the goal of the Icelandic Film School.

As of 2007, the Icelandic Film School has offered 40 positions at the School twice a year. Demand is more than twice that, or 80 to 120 at each intake. The School's students are active in the industry and surveys show that a high proportion of graduated students work, for longer or shorter periods, in the film industry. Accurate surveys of the proportion of students who remain in the sector have not been carried out. It is estimated that the proportion is approximately 20%, so that when the Icelandic Film School graduates 70 students, there are 15 who remain active within the profession. In such circumstances half are renewals (according to the report) and half represent an increase.

The Film School of Iceland operates according to the rule that "in order to find an excellent editor, you need to educate ten", as the other nine also have numerous other projects and roles. KVÍ is engaged in providing educational services in the field of film production and acting for a large group of students; both new students and academics and artists with BA and MA degrees. Experience has taught us, since 2007, that twice a year there are 40 competent applicants ready to begin studying in one of the School's four departments. The School's ideal size, to cover the needs of the students and the industry, is a 160-student school divided into four 40-student departments.

The Icelandic Film School has applied for accreditation of the School's curriculum as 4th level education, i.e. studies that may be assessed for university credits, if an agreement is reached thereto. The Icelandic Film School has been negotiating with the University of Iceland for such an assessment.

Of the related projects in which the Icelandic Film School has been involved is the design and operation of new film programmes for secondary schools, in co-operation with eight secondary schools outside the greater Reykjavík area.

The Icelandic Film School's policy is that the visual industry will, in the future, become one of the most important sectors in the Icelandic economy.

6. Kvikmyndaskóli Íslands, íslenska

Athugasemdir frá Kvikmyndaskóla Íslands

Stjórnendur Kvikmyndaskóla Íslands gera alvarlegar athugasemdir við að ekki hafi verið leitað eftir neinum upplýsingum frá fulltrúum skólans við vinnu þessarar bakgrunnsskýrslu. Niðurstaðan er sú að hlutur skólans og er verulega skertur í umfjöllun auk þess reynsla og sjónarmið skólans koma ekki fram. Við förum því fram á að eftirfarandi upplýsingum verði bætt við skýrsluna.

Kvikmyndaskóli Íslands (KVÍ) er 20 ára gamall á þessu ári. Þetta er einkaskóli sem hefur starfað með viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá árinu 2003, með fjárframlögum úr ríkissjóði frá árinu 2006. KVÍ hefur frá 2007 boðið upp á nám í fjórum deildum: Leikstjórn & framleiðsla (Directing/producing), Skapandi tækni (Creative technic), Handrit/leikstjórn, (Writing/directing) og leiklist fyrir kvikmyndir (Acting for screen). Frá árinu 2009 hefur KVÍ starfað samkvæmt háskólaviðmiðum, gert kröfum um stúdentsprófs við inntöku og ECTS einingaviðmið í tímamælingu námskeiða. Markmiðið er að KVÍ fái viðurkenningu til að starfa á háskólastigi.

Kvikmyndaskóli Íslands er listaskóli sem leggur mesta áherslu á trausta framleiðslulínu sem gefur nemendum tækifæri til vinnu að fjölda verkefna í skólanum. Á hverri önn eru 200 kvikmynda & sjónvarpsverk framleidd af nemendum í sínu skólastarfi. Kvikmyndaskóli Íslands er þannig stærsta framleiðsluhús landsins. Þess má geta að myndir nemenda hafa unnið til fjölda kvikmyndaverðlauna og sýndar á kvikmyndahátíðum út um heim, þ.á.m bæði Berlín og Cannes.

Mikil áhersla er lögð á mjög vel skipulagða námskrá, þar sem nemendur eru menntaðir af nákvæmni til ákveðinnar hæfni. Sérstaða námskrár Kvikmyndaskóla Íslands miðað við hefðbundna erlenda kvikmyndaskóla er að hún fer mitt á milli þeirra skóla sem eru mjög sérhæfðir (Den Danske Film Skole) og þeirra sem eru opnir (London Film School). Markmiðið er að nemendur hafi getu til að tileinka sér hvaða stöðu sem er, um leið og þeir eru vel þjálfðir sérfræðingar á ákveðnum sviðum.

Allir nemendur (hver einstaklingur) sama á hvaða braut þeir eru þurfa að búa til að lágmark 2 kvikmyndir sem eru þeirra höfundarverk. Eitt helsta sérkenni KVÍ er að allir kennararnir eru starfandi kvikmyndagerðarmenn, leikarar eða listamenn á öðrum sviðum. Allir hafa þeir af reynslu að miðla og árangri að státa á því sviði sem þeir kenna. Alls koma um 80 kennarar/leiðbeinendur/fyrirlesarar á hverjum vetri. Kvikmyndaskóli Íslands er þannig einn af stærstu vinnustöðum kvikmyndagerðarmanna á Íslandi.

Árangur Kvikmyndaskóla Íslands til uppbyggingar íslenskum kvikmyndaiðnaði er ótvíræður. Nokkrir af okkar fremstu kvikmyndaleikstjórum klippurum, hljóðmönnum hafa stundað þar nám og eru virkir í greininni. Frá því skólinn var stækkaður upp í fjórar deildir 2007 má segja að algjör sprenging hafi orðið í kvikmyndaiðnaðinum. Að meðaltali hafa verið framleiddar 6 leiknar bíómyndir á ári síðastliðin 5 ár, auk leikinna sjónvarpsmynda, heimildarmynda o.s.frv. Hér hefur stöðugt framboð starfsfólks skipt höfuðmáli, en útskrifaðir nemendu KVÍ fylla öll tókulið, auk þess sem þeir hafa verið í fararbroddi í ýmsum framleiðsluverkefnum. Hér eru fleiri þættir sem hafa haft áhrif en þátt KVÍ má ekki vanmeta.

Kvikmyndaskóli Íslands hlaut á síðasta ári inngöngu í alþjóðasamtök kvikmyndaskóla CILECT. Það var Nik Powell stjórnandi NFST í London sem gerði úttekt á KVÍ fyrir samtökin. Þetta er mikill heiður fyrir KVÍ en um leið staðfesting á uppbyggingu og gæðum námsins.

Forsvarsmenn KVÍ eru ósammála þeirri niðurstöðu sem skýrslan kynnir um mannaflapörf í myndmiðlaiðnaðinum. Á Íslandi eru mjög margir sprotar sem geta vaxið í stórar stærðir ef rétt er á haldið. Nefna má þjónustuiðnaðinn við erlenda framleiðslu sem sífellt vex (nú síðast Games of Thrones), árangur Baltasars í Hollywood (Contrabound o.fl.) en hann hefur unnið að því að því að koma verkefnum hingað upp, kaup Turners á Latabæ og framleiðsluna í kringum það, Atlantics studios í gömlu herstöðinni sem stefnir á alþjóðlegan markað með stúdíóþjónustu. Öll þessi verkefni kalla á mannafla sem mikilvægt er að sé til staðar. Starfsemi Kvikmyndaskóla Íslands undanfarin ár hefur alveg komið í veg fyrir það ástand að ekki fæst tökulið né tæknifólk þegar mikið er að gera. En það var viðvarandi ástand fyrir nokkrum árum.

Myndmiðlaiðnaðurinn er ein af þeim greinum sem getur skapað mikla atvinnu á næstu árum. Í okkar þjóðfélagi er fátt mikilvægara en að skapa ný störf og besta leiðin er að mennta nemendur inn á sviði þar sem tækifærin liggja. Það er markmið Kvikmyndaskóla Íslands.

Frá 2007 hefur Kvikmyndaskóli Íslands boðið upp á 40 pláss við skólann tvisvar á ári. Aðsókn er rúmlega helmingi meiri, eða 80 til 120 við hverja inntöku. Nemendur skólans hafa skilað sér vel út í iðnaðinn og kannanir sýna að mjög hátt hlutfall útskrifaðara nemenda vinnur um lengri eða skemmri tíma í kvikmyndabransanum. Ekki hefur verið gerð nákvæm rannsókn á því hversu hátt hlutfall nemenda ílendist í greininni. Áætla má að það sé um 20% þannig að þegar Kvikmyndaskóli Íslands útskrifar 70 nemendur á ári þá eru 15 sem koma inn virkir í greinina til lengri tíma. Þá er helmingurinn nýliðun (miðað við skýrslu) og helmingurinn aukning,

Kvikmyndaskóli Íslands vinnur samkvæmt reglunni að „til þess að finna einn afburðaklippara þá þarftu að mennta tíu góða“ þar sem hinir níu hafa einnig margskonar verkefni og hlutverk. KVÍ sinnir menntaþjónustu á sviði kvikmyndagerðar og leiklistar fyrir stóran hóp nemenda, bæði nýstúdenta, en einnig fræðimanna og listamanna með BA og MA gráður. Hjá Kvikmyndaskóla Íslands er komin sú reynsla frá árinu 2007, að tvisvar á ári þá eru til staðar 40 hæfir umsækjendur tilbúnir að hefja nám á einhverri af fjórum deildum skólans. Réttu stærðin á skólanum til að sinna þörfum nemendahópsins og iðnaðarins er 160 nemend skóli sem skiptist í fjórar 40 nemenda deildir.

Kvikmyndaskóli Ísland hefur sótt um viðurkenningu á námskrá skólans sem 4. þreps nám, þ.e. nám sem má meta til háskólaeininga náist samkomulag um slíkt. Kvikmyndaskóli Íslands hefur verið í viðræðum við Háskóla Íslands um slíkt mat.

Af tengndum verkefnum sem Kvikmyndaskóli Íslands hefur unnið að, er hönnun og starfræksla nýrra kvikmyndabrauta til stúdentsprófs, í samvinnu við 8 framhaldsskóla úti á landi.

Stefna Kvikmyndaskóla Íslands er að sjónræni iðnaðurinn (Visual industry) verði í framtíðinni einn af mikilvægustu atvinnuvegum íslensks hagkerfis í framtíðinni.

Athugasemdir við einstakar greinar

Inngangur

Gera verður alvarlega athugasemd við að enginn fulltrúi frá Kvikmyndaskóla Íslands er í nefndinni. Engin fyrirstaða hefði verið velja kennara með kennsluréttindi. Að skilja EINA fagskólann í

kvikmyndagerð eftir fyrir utan í nefnd skólafólks að fjalla um kvikmyndamenntun í landinu, er óskiljanlegt.

Kafli 1.3 Sjónvarpsstöðvar

Mjög undarleg ráðstöfun að sleppa sjónvarpsstöðvunum, þar hefur verið helsti starfsvettvangur nýrra kvikmyndagerðarmanna mörg undanfarin ár. Það vinna t.d. sex útskrifaðir nemendur KVÍ hjá RÚV og þar er samstarf í þróun.

Kafli 1.4 Starfsemi innan framhaldsskóla og aðrir sérskólar

Hér hefði verið eðlilegt að kynna námsframboð KVÍ sem býður upp á nám á 4 námsbrautum og hver námsbraut er 120 einingar. Hver námsbraut er að meðaltali 35 áfangar (námskeið). Samanlagt eru kenndir 130 áfangar í skólanum.

Með því að gefa ekki upp þessar upplýsingar í upptalningunni þá lítur t.d. 3 áfanga kennsla í Ármúlanum út sem jafngilt nám.

Varðandi kynningu á námi hjá LHÍ þá hefði verið eðlilegt að kynna þá leið sem KVÍ hefur unnið að í tvö ár sem er samstarf við Hugvísindasvið HÍ.

2. Könnun á þörfum starfandi kvikmyndafrirtækja fyrir mannafla nú og í framtíðinni

Þar segir: „Það tíðkast gjarna í þessu fagi að „vinna sig upp“ í aðrar og betri stöður, líklega vegna þess að ekki er til staðar nægjanlega haldgott og víðfeðmt kvikmyndanámi í landinu.“

Gera verður athugasemd við þessa fullyrðingu. Það þekkest alls staðar í hinum alþjóðlega kvikmyndaíðnaði að fólk og tíðni þess tengist ekki aðgengi að skólum. Lesa má úr málsgreininni dylgjur gagnvart þeim skóla sem sem hefur séð um kvikmyndamenntun.

Þar segir: „Niðurstaðan er sú að framleiðendur telja að þörf sé á 12–15 nýliðum á ári hverju í svokallaðar „lykilstöður“ (kvikmyndaöku, hljóðvinnslu, handritagerð, klippingu leikstjórn og framleiðslu). Sjá nánar í kafla 5.4. í þessari skýrslu.“

Hér er um mjög athyglisverða niðurstöðu að ræða. Á bak við hverja 15 í lykilstöður þá eru jafnmörg eða fleiri undirstörf sem einnig krefjast fagþekkingar og þar á sér einnig stað nýliðun. Hér er mikil þörf.

3.4. Hvar á námið heima?

Við gerum athugasemdir við að hér hafi verið fenginn niðurstaða sem hægt er að byggja einhverja ákvörðun á, sbr: ... flestir töldu að námið færi best í hinu almenna skólakerfi, (hvað sem það þýðir) og ... flestir vildu sjá hið listræna sérnám fara fram við LHÍ. Spurt er: Voru aðrir valkostir kynntir.

3.5. Starfsþjálfun nemenda í kvikmyndanámi og kennsla fagaðila

Hvers vegna er ekki minnst á áralangt samstarf KVÍ við fjölda fyrirtækja á markaði. Nemendur í starfsþjálfun hjá KVÍ hafa tekið mjög virkan þátt í framleiðslu hjá iðnaðinum.

3.6. Menntun starfandi kvikmyndagerðarmanna – endurmenntun.

Hér hefði verið eðlilegt að fræða nefndina um reynslu KVÍ af endurmenntunarstarfi í gegnum árin.

4.1.1. Námsstig hérlendis og erlendis

Hér gerum við fyrirvara við málsgrein þar sem segir: „Meirihluti þeirra sem spurðir eru telja að sérmenntun í kvikmyndagerð, bæði BA og MA nám eigi heima í listaháskóla. Aftur er spurt, hvaða valkostir voru í boði. – Þar sem það er einungis einn Listaháskóli á Íslandi, þá mælir þessi setning með því að kvikmyndagerð á háskólastigi verði beint til LHÍ. Stöðu og starfsemi KVÍ virðist hafa verið haldið utanvið.“

Mynd 3: Fjöldi nemenda í námi í kvikmyndagerð í framhaldsskólum á Íslandi – Gögn frá áfangastjórum.

Hvers vegna er ekki getið um Kvikmyndaskóla Íslands í þessari töflu!

Mynd 4: Einingafjöldi í núverandi námi í framhaldsskólum á Íslandi – Gögn af heimasíðum skólanna.

Hvers vegna er ekki getið um Kvikmyndaskóla Íslands í þessari töflu!

5.2.2. Aðstaða til náms í kvikmyndagerð í framhaldsskólum

Hvers vegna er ekki getið um Kvikmyndaskóla Íslands í þessari upptalningu!

5.2.3. Mannauður við kennslu kvikmyndagerðar í framhaldsskólum

Kvikmyndaskóli Íslands er stærsti vinnustaður kennara og leiðbeinenda í kvikmyndagerð á Íslandi. Þar starfa að meðaltali 80 starfsmenn við kennslu um lengri og skemmri tíma á ári hverju. Hvers vegna er þessum upplýsingum haldið frá!

5.2.4. Framtíðaráform framhaldsskólana í kvikmyndagerð við núverandi aðstæður

Hvernig er hægt að halda því fram að námi hafi ekki verið komið á, þegar Kvikmyndaskóli Íslands hefur boðið upp á fjórar 120 eininga námsbrautir frá árinu 2007, og í grunninn frá árinu 2003. Skólinn hefur starfað með fullri viðurkenningu menntamálaráðuneytis á bæði námskrá og starfsemi. Það þarf verulega góð rök fyrir því að ganga fram hjá honum. Að ekki sé til skóli í „eiginlegri kvikmyndagerð“ er óskiljanleg fullyrðing.

5.3. Staðan í einkaskólum á framhaldsskóla- eða háskólastigi

Hér er mest áhersla lögð á námsleiðir sem ekki eru til en ekkert fjallað um stefnu eina starfandi skólans. Engin tilraun var gerð til að leita upplýsinga hjá stjórnendum Kvikmyndaskólans.

Mynd 5: Nemendafjöldaþróun í Kvikmyndaskóla Ísland – Gögn frá LÍN.

Í upptalningu á deildum KVÍ er einni deild sleppt auk þess sem framsetning er óskýr. KVÍ hefur mjög skýra deildarskiptingu, 4 deildir og 1/5 sameiginlegur kjarni

Mynd 5: Nemendafjöldaþróun í Kvikmyndaskóla Ísland – Gögn frá LÍN.

Hér hefði verið eðlilegt að koma með eftirtalda skýringu. Þegar KVÍ fékk viðurkenningu á þremur nýjum brautum árið 2007 þá var vitað að skólinn myndi fjórfaldast að stærð, úr 40 nemendum í 160. Sú stækkun átti sér stað á árabílinu 2007 til 2010 en þá var skólinn fullsetinn.

Í umfjöllun um kennara og leiðbeinendur skólans þá var ekki leitað eftir neinum upplýsingum. Hér er lyklatríði að skólinn hefur kennslustjóra með full kennsluréttindi. Helsta einkenni Kvikmyndaskóla Íslands er að þar kenna starfandi kvikmyndagerðarmenn. En með þeim sem ekki hafa kennsluréttindi er haft nákvæmt kennslufræðilegt eftirlit. Þetta er grundvallaratriði þegar kennsluform KVÍ er skoðað.

5.4. Forsendur nemendafjölda í kvikmyndanámi í framhaldsskólum

KVÍ hefur hér allt aðra afstöðu til mats nemendafjölda en kynnt er. Tvennt þarf að hafa í huga a. Vilja og löngun nemendahópsins . b. Stækkunarmöguleika greinarinnar.

a. Kvikmyndaskóli Íslands hefur nú um fimm ára skeið boðið upp 80 skólapláss á ári inn í 4 deildir. Aðsókn í þessar deildir hefur verið tvö- til þreföld sem sýnir mikinn áhuga nemendahópsins. Enda ekki óeðlilegt að af 5000 manna árgangi þá hafi 2 til 300 áhuga á myndmiðlaiðnaðinum. KVÍ væntir þess reyndar að hópurinn sé mun stærri og allt að 700 manns á ári hefðu áhuga á skólagöngu í greininni, ef skilmerkilegar námsleiðir. KVÍ gæti sinnt um 20% af þeim hópi.

b. Myndmiðlaiðnaðurinn í heiminum er í miklum vexti, sjónvarp, bíó, net, símar. Kvikmyndamenntun, sem felst í því að öðlast hæfni í að meðhöndla myndmálið, hefur miklu víðari skilgreiningu en hún hafði fyrir nokkrum áratugum, þegar verið var að byggja upp þá kvikmyndaskóla sem teljast hefðbundnir í dag, með örfáum nemendum (LHÍ módelið). Nú þarf að veita mun meira aðgengi því tækifærin eru víðar. Hagkvæmasta leiðin er að bjóða upp á grunnnám á háskólastiginu eins og KVÍ hefur hannað fyrir 80 nemendur á ári. Það þýðir að um 30 nemendur útskrifast tvisvar á ári. Hluti þess hóps heldur áfram námi, lýkur BA prófi og fer erlendis í meistaranám. Hluti fer beint til starfa í greininni og hluti í aðrar námsgreinar og störf. Það verður að hafa í huga að nemendahópur KVÍ er mjög breiður, þar eru hefðbundnir nýstúdentar, nemendur sem lokið hafa BA námi og hópur sem hefur lokið MA, því námið hentar vel sem viðbótarnám með ýmsum greinum. Þegar stækkunarmöguleikar eru í stöðunni er gríðarlega mikilvægt að mennta fólk af krafti inn í greinina. Það skapar þenslu og stækkunarþörf. Þess vegna megum við ekki stíga það óheillaskref að draga úr menntunarmöguleikum. KVÍ hefur sannað sig með mjög traustan nemendahóp árum saman og það verður að sinna honum vel.

5.5. Nemendur á háskólastigi

Hvers vegna reiknar nefndin með að Listaháskólinn taki yfir námið. Voru kynntir aðrir möguleikar.

5.7. Menntun kvikmyndakennara

Hér vantar upplýsingar frá KVÍ um menntaða kennara við skólann. Afhverju var ekki leitað eftir þeim upplýsingum?

Eftir að hafa greint þessa skýrslu út frá sjónahóli og hagsmunum Kvikmyndaskóla Íslands þá er niðurstaða okkar sú, að ekki verði véfengt að hlutur KVÍ sé óeðlilega lítill og skólinn sé beinlínis sniðgenginn á fjölmörgum stöðum. Það rýrir gildi skýrslunnar verulega og hún gefur þannig engan veginn rétta mynd af stöðu kvikmyndamenntunarmála í landinu.